ÍBÚAFUNDUR 16. NÓV

UM FJÁRHAGSSTÖÐU HVERAGERÐISBÆJAR, FJÁRHAGSÁÆTLUN 2027 OG NÆSTU SKREF



Á íbúafundi Hveragerðisbæjar 16. nóvember 2026 var farið yfir þróun fjárhagsstöðu sveitarfélagsins undanfarin ár, þær áskoranir sem komu upp á árinu 2026 og hvernig brugðist var við þeim.

Jafnframt voru kynnt drög að fjárhagsáætlun 2027–2030, helstu áherslur í rekstri og fjárfestingum og þau fjárhagslegu markmið sem horft er til næstu ára.

YFIRLIT

TÍMALÍNA
2022-2026

Fjárfestingar og þróun

Tekjuforsendur og lausafjárstaða

Viðbrögð og endurskoðun 2026

FJÁRHAGSÁÆTLUN
2027-2030

Markmið og forsendur

Fjárfestingar og forgangsröðun

Rekstur, grunnþjónusta og framtíðin


Kynningunni er skipt í tvo meginhluta.

Í fyrri hlutanum er farið yfir þróun fjárhagsstöðu Hveragerðisbæjar undanfarin ár, fjárfestingar sveitarfélagsins og þær áskoranir sem komu upp á árinu 2026. Einnig er fjallað um hvernig brugðist var við stöðunni með endurskoðun áætlana og aðhaldsaðgerðum.

Í seinni hlutanum er horft til framtíðar og farið yfir drög að fjárhagsáætlun 2027–2030. Þar er áherslan á fjárhagsleg markmið, forgangsröðun fjárfestinga og mikilvægi þess að tryggja og verja grunnþjónustu sveitarfélagsins.

ÞRÓUN 2022-2025

Fjárfestingar margfaldast



Fjárfestingar 2023-2025

- 4.2 milljarðar
- Samtals 25% af rekstrartekjum
- 2023: **16.7%**
- 2024: **22.9%**
- 2025: **33.9%**


Fjárfestingar Hveragerðisbæjar jukust verulega á árunum 2022–2025. Árið 2022 námu þær 68 milljónum króna en árið 2025 voru þær komnar í rúma 2 milljarða króna.

Á þremur árum, frá 2023 til 2025, fjárfesti sveitarfélagið fyrir samtals rúma 4,2 milljarða króna. Það jafngildir um 25% af samanlögðum rekstrartekjum sveitarfélagsins á tímabilinu.

Þessi þróun sýnir hversu umfangsmikil uppbygging innviða hefur átt sér stað í Hveragerði á skömmum tíma og er mikilvægt samhengi þegar fjárhagsstaða sveitarfélagsins er skoðuð.

ÞRÓUN 2022-2025

Fjárfestingar margfaldast




Fjárfestingar 2023-2025

- 4.2 milljarðar
- Samtals 25% af rekstrartekjum
- 2023: **16.7%**
- 2024: **22.9%**
- 2025: **33.9%**
- 2026**: ~20%**

Í upphaflegri fjárhagsáætlun ársins 2026 var gert ráð fyrir áframhaldandi umfangsmiklum fjárfestingum, samtals tæplega 1,3 milljörðum króna.

Þótt áætlaðar fjárfestingar væru minni en árið 2025 námu þær engu að síður um 20% af áætluðum rekstrartekjum ársins.

Þetta sýnir að áfram var gert ráð fyrir mikilli uppbyggingu innviða sveitarfélagsins. Umfang fjárfestinganna skiptir miklu máli þegar horft er til þess hvernig þær voru fjármagnaðar og hvaða áhrif þær höfðu á fjárhagsstöðu Hveragerðisbæjar.



Á sama tíma og fjárfestingar Hveragerðisbæjar jukust verulega á árunum 2023–2025 dróst veltufé frá rekstri saman.

Veltufé frá rekstri er það fjármagn sem daglegur rekstur sveitarfélagsins skilar og hægt er að nýta til að greiða af lánum eða fjármagna framkvæmdir. Árið 2023 nam það um 650 milljónum króna en hafði lækkað í 478 milljónir árið 2025.

Þróunin sýnir að á sama tíma og sveitarfélagið fjárfesti sífellt meira minnkaði það fjárhagslega svigrúm sem reksturinn skapaði. Því þurfti í auknum mæli að treysta á aðra fjármögnun, meðal annars lántökur, til að standa undir framkvæmdunum.


ÞRÓUN 2023-2025

Lausafé fer lækkandi - Aukin lántaka og hærri afborgun

Ný lántaka 600 m.kr. → 1.195 m.kr. **Hluti fjárfestinganna var fjármagnaður með lántökum sem hækka skuldir sveitarfélagsins.**

Afborganir lána 368 m.kr. → 464 m.kr. **Auknar skuldir kalla á hærri árlegar afborganir og minnka fjárhagslegt svigrúm.**

Handbært fé í árslok 585 m.kr. → 218 m.kr. **Sjálft lausafé sveitarfélagsins minnkaði samhliða auknum framkvæmdum og fjármögnunarþörf.**



Samhliða auknum fjárfestingum og lækkandi veltufé frá rekstri jukust lántökur Hveragerðisbæjar verulega á árunum 2023–2025. Á þessu þriggja ára tímabili tók sveitarfélagið ný lán fyrir samtals um 2,7 milljarða króna.


Auknar lántökur leiddu jafnframt til hærri afborgana, sem jukust úr 368 milljónum króna árið 2023 í 464 milljónir árið 2025. Á sama tíma lækkaði handbært fé í árslok úr 585 milljónum í 218 milljónir króna.

Þróunin sýnir að skuldbindingar sveitarfélagsins jukust á sama tíma og lausafé fór minnkandi. Það þrengdi enn frekar að fjárhagslegu svigrúmi Hveragerðisbæjar og getu sveitarfélagsins til að fjármagna áframhaldandi uppbyggingu.

ÞRÓUN 2023-2025

Uppsöfnuð áhrif

- Á árunum 2023-2025 jókst umfang fjárfestinga verulega.
- Á sama tíma dróst lausafé saman, lántaka jókst og afborganir hækkuðu.
- Þessi þróun minnkaði fjárhagslegt svigrúm sveitarfélagsins.
- Ósjálfbær þróun til lengri tíma.




Á árunum 2023–2025 réðst Hveragerðisbær í umfangsmiklar fjárfestingar sem námu samtals um 25% af rekstrartekjum sveitarfélagsins á tímabilinu. Samhliða því jukust lántökur, afborganir hækkuðu og lausafé fór minnkandi.

Slík þróun er ekki óeðlileg hjá sveitarfélagi í mikilli uppbyggingu, en hún er ekki sjálfbær til lengri tíma. Sérstaklega þegar enn eru fram undan mikilvægar fjárfestingar í innviðum bæjarins.

Áskorunin felst því ekki í því að stöðva uppbygginguna heldur að draga úr hraða hennar og forgangsraða framkvæmdum. Hveragerðisbær þarf áfram að byggja upp innviði sína, en gera það á þeim hraða sem fjárhagurinn ræður við.

STAÐAN 2026

Árið 2026 - Fjárfestingar- og tekjuáætlun



- Áætlunin gerði ráð fyrir **1.009 m.kr.** tekjum vegna uppbyggingarverkefna.
- Tekjurnar áttu að styðja við 1.299 m.kr. fjárfestingaáætlun.
- Ljóst var að stór hluti teknanna var háður framvindu verkefna og sölu lóða.


Í upphaflegri fjárhagsáætlun ársins 2026 var gert ráð fyrir tæplega 1,3 milljörðum króna í fjárfestingar. Á móti var áætlað að tekjur vegna uppbyggingarverkefna myndu nema rúmum milljarði króna.

Hér er meðal annars um að ræða gatnagerðargjöld, byggingarréttargjöld og aðrar tekjur sem tengjast uppbyggingu nýrra hverfa og lóða. Þessar tekjur áttu að standa undir stórum hluta fyrirhugaðra fjárfestinga ársins.

Ólíkt reglulegum skatttekjum eru slíkar tekjur háðar framvindu uppbyggingarverkefna og sölu lóða. Það fól því í sér töluverða óvissu um hvenær fjármunirnir myndu skila sér, sem reyndist hafa veruleg áhrif á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins árið 2026.

STAÐAN 2026

Raunstaða - Fjárfestingar- og tekjur




- Aðeins um **17 m.kr.** höfðu verið tekjufærðar af 1.009 m.kr. tekjuáætlun 31. maí 2026.
- Fyrirséð var að stór hluti teknanna myndi ekki skila sér á árinu 2026.
- Sveitarfélagið hafði þegar skuldbundið sig til hluta framkvæmdanna.
- Nauðsynlegt var að endurmeta fjárfestingar og fjármögnun.

Þegar fimm mánaða árshlutauppgjör Hveragerðisbæjar lá fyrir kom í ljós að aðeins um 17 milljónir króna höfðu verið tekjufærðar vegna gatnagerðargjalda, en í upphaflegri fjárhagsáætlun ársins var gert ráð fyrir rúmlega milljarði króna í tekjur vegna uppbyggingarverkefna.

Það er ekki óeðlilegt að slíkar tekjur skili sér á mismunandi tímum ársins, enda ráðast þær af framvindu verkefna og sölu lóða. Hins vegar var orðið fyrirséð að stór hluti áætlaðra tekna myndi ekki skila sér á árinu 2026.


Á sama tíma voru fjárfestingar þegar komnar vel af stað og sveitarfélagið hafði skuldbundið sig til ákveðinna framkvæmda. Vandinn snerist því ekki eingöngu um hvort tekjurnar myndu skila sér, heldur einnig hvenær. Því var nauðsynlegt að endurmeta bæði fjárfestingar ársins og fjármögnun þeirra.



Þegar fjárhagsstaða Hveragerðisbæjar var greind nánar sumarið 2026 varð ljóst að upphaflegar tekjuáætlanir ársins voru of bjartsýnar miðað við framvindu uppbyggingarverkefna.

Áætlaðar tekjur skiluðu sér ekki eins og gert hafði verið ráð fyrir, en á sama tíma héldu fjárfestingar og aðrar skuldbindingar áfram. Þetta hafði veruleg áhrif á lausafjárstöðu sveitarfélagsins og þrengdi að getu þess til að standa við greiðslur og aðrar skuldbindingar á réttum tíma.


Þótt sveiflur í lausafjárstöðu séu ekki óeðlilegar hjá sveitarfélögum var ljóst að vandinn væri ekki tímabundin sveifla yfir ein mánaðamót. Því var nauðsynlegt að grípa til aðgerða, endurskoða fjárfestingaráætlanir og tryggja fjármögnun sveitarfélagsins.



Fjárhagsstaðan sem kom upp sumarið 2026 kallaði á skýr og markviss viðbrögð. Áherslan var á þrjú meginverkefni: að tryggja fjármögnun sveitarfélagsins, endurskoða fjárfestingaráætlanir og sýna aukið aðhald í rekstri.


Fyrsta verkefnið var að tryggja nægilegt fjármagn svo sveitarfélagið gæti staðið við skuldbindingar sínar út árið 2026. Samhliða því voru fjárfestingar endurskoðaðar og framkvæmdum frestað eða þær áfangaskiptar þar sem það var mögulegt.

Einnig var ráðist í aðhaldsaðgerðir í samstarfi við stjórnendur og forstöðumenn stofnana sveitarfélagsins. Þar var lögð áhersla á að draga úr útgjöldum og forgangsraða verkefnum án þess að skerða lögbundna þjónustu og þá grunnþjónustu sem íbúar reiða sig á í daglegu lífi.



Tímalínan sýnir hvernig viðbrögð Hveragerðisbæjar við fjárhagsstöðunni þróuðust frá júní til nóvember 2026.

Á tímabilinu var unnið að greiningu fjárhagsstöðunnar, tryggingu lausafjár, endurskoðun fjárfestingaráætlana og aðhaldsaðgerðum í rekstri. Jafnframt var lögð áhersla á samstarf bæjarstjórnar, stjórnenda og annarra hagaðila við að móta næstu skref.



Viðbrögð Hveragerðisbæjar við fjárhagsstöðunni þróuðust í nokkrum skrefum frá júní til nóvember 2026.


Fyrstu mánuðirnir fóru í að greina stöðuna betur og tryggja nauðsynlegt lausafé. Þegar umfang vandans varð skýrara í ágúst var gripið til frekari aðgerða og í september fór fram umfangsmikil vinna við aðhaldsaðgerðir og endurskoðun fjárfestingaráætlana í samstarfi við bæjarstjórn og stjórnendur sveitarfélagsins.

Sú vinna lagði grunninn að gerð fjárhagsáætlunar 2027–2030, þar sem byggt er á nýjum og varfærnari forsendum.

VIÐBRÖGÐ

Endurskoðuð fjárfestingaráætlun 2026

Þegar ljóst varð að tekjuforsendur ársins myndu ekki ganga eftir.



- Upphafleg áætlun: **1.299 m.kr.**
- Frestun framkvæmda/lækkun kostnaðar: **528 m.kr.**
- Verkefni í framkvæmd fóru samtals **211 m.kr.** umfram áætlun, einkum íþróttahús og gervigrasvöllur.

- Endurskoðuð áætlun: **982 m.kr.**
- Heildarlækkun: **317 m.kr., eða um 24%.**


Þegar ljóst varð að tekjuforsendur ársins 2026 myndu ekki ganga eftir var ráðist í umfangsmikla endurskoðun fjárfestingaráætlunar Hveragerðisbæjar.

Með því að fresta framkvæmdum, áfangaskipta verkefnum og draga úr kostnaði tókst að lækka fyrirhugaðar fjárfestingar um 528 milljónir króna. Á móti kom 211 milljóna króna viðbótarkostnaður vegna verkefna sem þegar voru komin langt á veg eða höfðu farið fram úr upphaflegum áætlunum, einkum íþróttahúss og gervigrasvallar.

Niðurstaðan varð sú að fjárfestingaráætlun ársins lækkaði úr 1.299 milljónum króna í 982 milljónir króna. Það er lækkun um 317 milljónir króna, eða um 24% frá upphaflegri áætlun.

VIÐBRÖGÐ

Endurskoðuð fjárfestingaráætlun 2026



Verkefni umfram áætlun

- Íþróttahús fer 80 m.kr. umfram áætlun
- Gervigras fer 102 m.kr. umfram áætlun
  - Dregið úr fjárfesingum á móti í frágang

- **Aðrar fjárfestingar:**
- Hönnun/undirbúningur skólamannvirkja
- Vatnsveita (27 m.kr. umfram áætlun)
- Gatnagerð, bílar og tæki, og fleira.

Við endurskoðun fjárfestingaráætlunar ársins 2026 voru einstök verkefni tekin til skoðunar og metið hvar hægt væri að draga úr kostnaði eða fresta framkvæmdum.

Á sama tíma höfðu ákveðin verkefni farið fram úr upphaflegum kostnaðaráætlunum. Þar munaði mestu um íþróttahúsið, sem fór um 80 milljónir króna fram úr áætlun, og gervigrasvöllinn, þar sem viðbótarkostnaður nam um 102 milljónum króna.

Til að mæta þessari stöðu var meðal annars dregið úr fyrirhuguðum fjárfestingum í gatnagerð, fráveitu og öðrum verkefnum, svo sem undirbúningi skólamannvirkja og kaupum á bílum og tækjum. Áherslan var á að fresta því sem mátti bíða en standa jafnframt við skuldbindingar vegna framkvæmda sem þegar voru komnar langt á veg.



Seinni hluti kynningarinnar fjallar um drög að fjárhagsáætlun Hveragerðisbæjar fyrir árin 2027–2030 og þær áherslur sem liggja að baki henni.

Bæjarstjórn hefur unnið sameiginlega að undirbúningi áætlunarinnar undanfarna mánuði, meðal annars á vinnufundum í september og nóvember. Sú vinna byggir á þeirri reynslu sem fengist hefur af fjárhagsþróun undanfarinna ára og þeim áskorunum sem komu upp á árinu 2026.

Mikilvægt er að hafa í huga að um er að ræða drög að fjárhagsáætlun. Endanlegar ákvarðanir hafa ekki allar verið teknar og breytingar geta orðið á áætluninni áður en hún verður samþykkt í bæjarstjórn.

MARKMIÐ OG FRAMTÍÐARSÝN

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2027-2030



Hóflegri fjárfestingar og tekjuáætlanir
- Fjárfestingar verði að jafnaði innan 10–15% af árlegum tekjum.
- Tekjur verði áætlaðar varlega og verkefni ekki hafin fyrr en fjármögnun liggur fyrir.

Sterkari rekstur
- Veltufé frá rekstri verði að minnsta kosti 10% af tekjum árið 2030. Í dag 7%

Lægra skuldaviðmið
- Skuldaviðmið verði komið undir 110% eigi síðar en árið 2030. Í dag 134%

Sjálfbærari greiðslugeta
- Veltufé frá rekstri standi undir árlegum afborgunum eigi síðar en árið 2030. Í dag 74%

Verja og styrkja grunnþjónustu
- Lögbundin verkefni og grunnþjónusta njóti forgangs.

Við gerð fjárhagsáætlunar 2027–2030 hefur verið lögð áhersla á að móta skýr fjárhagsleg markmið og viðmið til lengri tíma. Hverageröisbær er að koma úr tímabili mikilla fjárfestinga og á enn mikilvægar framkvæmdir fram undan. Því er nauðsynlegt að styrkja reksturinn og tryggja að áframhaldandi uppbygging taki mið af fjárhagslegri getu sveitarfélagsins.


Markmiðið er að fjárfestingar verði að jafnaði innan 10–15% af árlegum tekjum og að tekjuáætlanir byggi á varfærnum forsendum. Jafnframt er stefnt að því að veltufé frá rekstri verði að minnsta kosti 10% af tekjum árið 2030, skuldaviðmið lækki undir 110% og að veltufé frá rekstri standi undir árlegum afborgunum lána eigi síðar en árið 2030.

Þessi markmið snúast fyrst og fremst um að skapa aukið fjárhagslegt svigrúm og fyrirsjáanleika. Með sterkari rekstri og hóflegri fjárfestingum verður auðveldara að tryggja og þróa áfram þá grunnþjónustu sem íbúar Hverageröisbæjar reiða sig á.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2027-2030

FJÁRFESTINGAR OG TEKJUR

Samanburður við fyrri fjárfestingaáætlun



Miðað við núverandi forsendur

- **Fjárfestingar** verði að jafnaði innan 10–15% af árlegum tekjum.
  - 2027: **12,3%**
  - 2028: **12,8%**
  - 2029: **10,5%**
  - 2030: **8.2%**
- Tekjur verði áætlaðar varlega og verkefni ekki hafin fyrr en fjármögnun liggur fyrir.
- **Fjárfestingar í fráveitumálum aukast um tæplega 90%** miðað við fyrri áætlun þar sem umfang og kostnaður verkefnisins reyndist meiri en áður var gert ráð fyrir.

Eldri áætlun: **3924 m.kr.**

Ný áætlun: **3354 m.kr.**

Mismunur: **-570 m.kr.**

Fjárfestingaáætlunin gerir áfram ráð fyrir lántöku á tímabilinu, en hún byggir á varfærnari tekjuforsendum og minni fjárfestingum en fyrri áætlanir.

Í drögum að fjárhagsáætlun 2027–2030 er lögð áhersla á hóflegri fjárfestingar, varfærnari tekjuforsendur og að fjárfestingar taki mið af fjárhagslegri getu sveitarfélagsins.

Markmiðið er að fjárfestingar verði að jafnaði innan 10–15% af árlegum tekjum. Samkvæmt núverandi drögum er gert ráð fyrir að hlutfallið verði 12,3% árið 2027 og lækki síðan niður í 8,2% árið 2030. Rétt er að taka fram að árið 2030 vantar inn í súluritið á glærunni, en þar er gert ráð fyrir 610 milljónum króna í fjárfestingar.


Samanborið við fyrri áætlun lækka fyrirhugaðar fjárfestingar áranna 2026–2029 um samtals 570 milljónir króna. Þetta er þrátt fyrir að áætlaður kostnaður vegna skólphreinsistöðvarinnar hafi aukist um tæplega 90% frá fyrri áætlun.

Áherslan er því ekki eingöngu á að draga úr fjárfestingum heldur einnig að dreifa þeim yfir lengra tímabil og forgangsraða verkefnum. Áfram verður þörf fyrir lántökur, en meginreglan er að byggja fjárfestingaráætlanir á raunhæfum tekjum og tryggja fjármögnun áður en ráðist er í framkvæmdir.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2027-2030

FJÁRFESTINGAR OG LÁNTAKA

Samanburður við fyrri fjárfestingaáætlun



Miðað við núverandi forsendur

Lántaka 2025 og 2026
- 3.4 ma.kr.

Lántaka 2027-2030
- 1.85 ma.kr

Ný lántaka næstu fjögur ár er því:
- um 1,55 ma.kr. lægri en lántakan árin 2025 og 2026 samanlagt.
- um 45% lægri en lántakan á þessum tveimur árum.

Árin 2025 og 2026 einkenndust af mikilli lántöku vegna umfangsmikilla fjárfestinga. Í nýrri fjárhagsáætlun er áfram gert ráð fyrir lántöku, en hún er verulega minni og afborganir verða hærri en ný lán á tímabilinu.

Á tímabilinu 2027-2030:
Ný lántaka: 1,85 ma.kr.
Afborganir: 2,72 ma.kr.
-870 m.kr. nettó

Þótt áfram verði þörf fyrir lántökur til að fjármagna uppbyggingu Hveragerðisbæjar er gert ráð fyrir að umfang þeirra minnki verulega á næstu árum.

Á árunum 2025 og 2026 er gert ráð fyrir að lántökur sveitarfélagsins nemi samtals um 3,4 milljörðum króna. Í drögum að fjárhagsáætlun 2027–2030 er hins vegar gert ráð fyrir 1,85 milljörðum króna í ný lán á fjögurra ára tímabili. Það er um 1,55 milljörðum króna minna, eða um 45% lægri lántaka á fjórum árum en árin tvö á undan samanlagt.

Það sem skiptir þó mestu máli er að samkvæmt áætluninni verða afborganir lána hærri en nýjar lántökur á tímabilinu 2027–2030. Gert er ráð fyrir 2,72 milljörðum króna í afborganir á móti 1,85 milljörðum í ný lán.

Þetta þýðir að sveitarfélagið mun samkvæmt núverandi forsendum greiða um 870 milljónum króna meira af lánum en það tekur í ný lán á tímabilinu. Gangi áætlanir eftir ætti höfuðstóll lána því að lækka og fjárhagsleg staða sveitarfélagsins að styrkjast til lengri tíma.



Við undirbúning fjárhagsáætlunar 2027–2030 var mikilvægt að móta skýra nálgun við forgangsröðun fjárfestinga. Á glærunni eru settar fram þrjár mismunandi leiðir til að nálgast þá vinnu.

Fyrsta leiðin, að ákveða framkvæmdir fyrst og gera síðan ráð fyrir tekjum til að fjármagna þær, var aldrei raunhæfur kostur í ljósi fjárhagsstöðu sveitarfélagsins. Reynslan af árinu 2026 sýndi vel þá áhættu sem fylgir því að byggja fjárfestingar á óvissum tekjuforsendum.

Önnur leiðin, að meta fyrst raunhæfar tekjur og ákveða fjárfestingar út frá þeim, hefði verið skynsamlegra skref. Sú nálgun ein og sér tryggir þó ekki að fjárhagsstaða sveitarfélagsins styrkist til lengri tíma.

Því var þriðja leiðin valin. Hún byggir á varfærnum tekjuforsendum og mati á greiðslugetu, en tekur jafnframt mið af skýrum fjárhagslegum markmiðum um veltufé frá rekstri, skuldaviðmið og afborganir lána. Þannig er ekki eingöngu horft til þess hvaða framkvæmdir sveitarfélagið hefur efni á hverju sinni, heldur einnig hvernig fjárfestingarnar samræmast markmiðinu um sjálfbærari fjárhag til framtíðar.



Sú nálgun sem lögð er til við forgangsröðun fjárfestinga hefur þrjá mikilvæga kosti. Hún skapar meiri fyrirsjáanleika, eykur sveigjanleika og styrkir fjárhag sveitarfélagsins til lengri tíma.

Með því að byggja fjárfestingaráætlanir á raunhæfum tekjuforsendum og greiðslugetu minnka líkurnar á að þurfa að stöðva eða fresta framkvæmdum vegna fjármögnunarvanda. Jafnframt skapast svigrúm til að flýta verkefnum ef tekjur eða lausafjárstaða reynast betri en áætlað var.

Þessi nálgun tengir ákvarðanir um fjárfestingar beint við fjárhagsleg markmið sveitarfélagsins til ársins 2030. Þótt aldrei sé hægt að útiloka alla óvissu skapar hún betri forsendur fyrir áframhaldandi uppbyggingu Hveragerðisbæjar án þess að ganga of nærri fjárhag sveitarfélagsins.



Í drögum að fjárhagsáætlun 2027–2030 eru þrír meginflokkar fjárfestinga sem vega langþyngst. Um 91% af fyrirhuguðum fjárfestingum tímabilsins tengjast íþróttahúsinu, nýrri skólphreinsistöð og uppbyggingu skóla- og frístundamannvirkja.

Stefnt er að því að íþróttahúsið verði tilbúið til æfinga á fyrri hluta árs 2028. Fram undan eru útboð vegna klæðningar hússins og frágangs innanhúss, en fjárhagsstaða sveitarfélagsins hefur haft áhrif á tímasetningu þeirra.


Ný skólphreinsistöð er jafnframt eitt stærsta fjárfestingarverkefni næstu ára. Áætlaður kostnaður hefur aukist um tæplega 90% frá fyrri áætlun og verkefnið er að stórum hluta framþungt, sem gerir áfangaskiptingu erfiða og takmarkar svigrúm til annarra fjárfestinga.

Í skóla- og frístundamálum verður áhersla lögð á undirbúning og hönnun næstu áfanga. Þar þarf að horfa til þróunar íbúafjölda, samsetningar hans og raunverulegrar þarfar fyrir húsnæði. Mikilvægt er að tímasetja framkvæmdir þannig að þörf fyrir uppbyggingu og fjárhagslegt svigrúm sveitarfélagsins fari sem best saman.


FJÁRHAGSÁÆTLUN 2027-2030

LEIÐIN AÐ MARKMIÐUNUM 2030


Miðað við núverandi forsendur nær sveitarfélagið þremur lykilmarkmiðum árið 2030: sterkara veltufé, lægra skuldaviðmið og rekstur sem stendur undir afborgunum lána.



Reksturinn styrkist ár frá ári og samkvæmt áætlun verður veltufé frá rekstri komið í 10% af tekjum árið 2030.



Skuldaviðmið lækkar úr 127% í 105% og fer undir markmið sveitarfélagsins fyrir árið 2030.



Rekstrurinn styrkist ár frá ári og samkvæmt áætlun stendur veltufé frá rekstri undir árlegum afborgunum árið 2030.

Samkvæmt núverandi drögum að fjárhagsáætlun 2027–2030 eru horfur á að Hveragerðisbær nái öllum þremur lykilmarkmiðum sínum fyrir árið 2030.

Gert er ráð fyrir að reksturinn styrkist jafnt og þétt og að veltufé frá rekstri verði komið í 10% af tekjum árið 2030. Jafnframt er áætlað að skuldaviðmið sveitarfélagsins lækki úr 127% árið 2027 í 105% árið 2030 og fari þannig undir markmiðið um 110%.

Þriðja markmiðið er að veltufé frá rekstri standi undir árlegum afborgunum lána árið 2030. Það þýðir að daglegur rekstur sveitarfélagsins skili nægilegu fjármagni til að standa undir afborgunum án þess að þurfa að treysta á nýjar lántökur til að fjármagna þær.

Mikilvægt er þó að hafa í huga að þetta eru áætlanir sem byggja á núverandi forsendum og geta tekið breytingum. Niðurstöðurnar sýna engu að síður að með markvissri fjármálastjórn er raunhæft að stefna að sterkari og sjálfbærari fjárhag sveitarfélagsins til ársins 2030.



Við gerð fjárhagsáætlunar 2027–2030 hefur verið lögð rík áhersla á að verja grunnþjónustu Hveragerðisbæjar. Aðhald í rekstri þýðir ekki að allir útgjaldaliðir lækki, heldur þarf að forgangsraða fjármunum og auka fjárheimildir þar sem þjónustuþörfin er mest.

Í drögunum er meðal annars gert ráð fyrir 112% hækkun fjárheimilda til barnaverndar, eða rúmlega 40 milljónum króna, til að áætlunin endurspegli betur raunverulegan kostnað málaflokksins. Jafnframt er gert ráð fyrir þremur til fjórum nýjum stöðugildum í skóla- og frístundastarfi vegna aukinnar stuðningsþarfar barna, þótt heildarfjöldi stöðugilda sveitarfélagsins lækki úr 244 í 242.

Á móti er gert ráð fyrir að draga úr kostnaði á öðrum sviðum, meðal annars í kynningarmálum, lögfræðiaðstoð og ýmsum sameiginlegum útgjöldum, um samtals 20–30 milljónir króna.

Einnig hefur verið unnið að skýrari flokkun útgjalda í fjárhagsáætluninni. Sú vinna skýrir meðal annars um 40% lækkun á liðnum *annar rekstrarkostnaður*, en þar er að verulegu leyti um tilfærslu kostnaðar á aðra liði að ræða fremur en raunverulegan sparnað.

Markmiðið er að nýta fjármuni sveitarfélagsins betur, auka yfirsýn og eftirlit með rekstrinum og tryggja að lögbundin þjónusta og grunnþjónusta íbúa njóti forgangs.

STAÐAN Í LOK ÁRS 2026

HVAR STÖNDUM VIÐ Í LOK ÁRS?

Staðan í sumar var krefjandi.


- Við brugðumst við með markvissum aðgerðum til að tryggja greiðslugetu sveitarfélagsins.

Horfur um lausafé í árslok hafa batnað.

- Í október var spáð um 82 m.kr. fjárþörf í árslok, en nýjar vísbendingar benda til betri niðurstöðu.

Við höfum náð tökum á lausafjárstöðunni.

- Nú þurfum við að tryggja að við lendum ekki aftur í sömu stöðu.



Fjárhagsstaða Hveragerðisbæjar var verulega krefjandi sumarið 2026 og nauðsynlegt reyndist að grípa til markvissra aðgerða til að tryggja greiðslugetu sveitarfélagsins. Á tímabili var staðan svo þröng að handbært fé nam aðeins um 100 þúsund krónum.

Frá þeim tíma hefur verið unnið að því að bæta lausafjárstöðuna og horfur um stöðu handbærs fjár í árslok hafa batnað. Í október var gert ráð fyrir um 82 milljóna króna fjárþörf í árslok, en nýrri vísbendingar benda til betri niðurstöðu.

Aðgerðirnar hafa því skilað árangri og tekist hefur að ná tökum á bráðavandanum. Mikilvægt er þó að hafa í huga að til þess þurfti meðal annars að grípa til lántöku.

Þótt staðan hafi batnað er verkefninu því hvergi nærri lokið. Nú tekur við það langtímaverkefni að styrkja rekstur og fjárhag sveitarfélagsins þannig að sambærileg staða komi ekki upp aftur.

NÆSTU SKREF

ÁBYRGÐ Í ÁÆTLUNUM
ÁBYRGUR REKSTUR

Varfærni í tekjuáætlun.
Skýr forgangsröðun í fjárfestingum.
Traustar fjárheimildir fyrir daglega þjónustu.
Verja grunnþjónustu og lögbundin verkefni.



Reynslan af árinu 2026 sýnir mikilvægi þess að byggja rekstur og þjónustu á traustum fjárheimildum.

Reynslan af árinu 2026 hefur sýnt hversu mikilvægt er að byggja fjárhagsáætlanir á raunhæfum forsendum og fylgja þeim markvisst eftir. Áherslan fram undan verður á varfærni í tekjuáætlunum, skýra forgangsröðun fjárfestinga og traustar fjárheimildir fyrir daglegan rekstur sveitarfélagsins.

Samþykkt fjárhagsáætlun er þó aðeins upphafið. Til að tryggja ábyrgan rekstur þarf að fylgjast reglulega með fjárhagsstöðunni, endurmeta forsendur og bregðast tímanlega við ef þróunin verður önnur en áætlað var. Fjárhagsáætlunin þarf þannig að vera lifandi stjórntæki sem nýtist við ákvarðanatöku og daglegan rekstur.

Jafnframt er mikilvægt að stofnanir og stjórnendur sveitarfélagsins hafi raunhæfar fjárheimildir til að sinna sínum verkefnum. Þannig má tryggja að lögbundin þjónusta og grunnþjónusta íbúa haldist traust, óháð því hvort einstök uppbyggingarverkefni gangi hraðar eða hægar en ráðgert var.

LYKILSKILABOÐ

FORTÍÐ, NÚTÍÐ OG FRAMTÍÐ

Brugðist var við stöðunni með markvissum aðgerðum.
Lausafjárstaða var tryggð og fjárfestingum forgangsraðað.
Áhersla er lögð á að verja grunnþjónustu og lögbundin verkefni.
Fjárfestingar skulu vera innan þess sem rekstur sveitarfélagsins ræður við.

„Markmiðið er að skapa svigrúm til að halda áfram uppbyggingu Hveragerðisbæjar á traustum fjárhagslegum grunni.“

Fjárhagsþróun undanfarinna ára og þær áskoranir sem komu upp á árinu 2026 hafa kallað á mikilvægar ákvarðanir. Brugðist var við stöðunni með markvissum aðgerðum, lausafé tryggt og fjárfestingaráætlanir endurskoðaðar.

Sú reynsla hefur jafnframt verið nýtt til að endurskoða vinnubrögð við fjárhagsáætlanagerð og móta skýrari fjárhagsleg markmið til framtíðar. Áherslan verður áfram á ábyrgan rekstur, raunhæfar fjárfestingar og að verja grunnþjónustu og lögbundin verkefni sveitarfélagsins.

Hveragerðisbær á enn mikilvæg verkefni fram undan og viljinn til áframhaldandi uppbyggingar er óbreyttur. Markmiðið er ekki að stöðva framþróun bæjarins, heldur að tryggja að hún verði í samræmi við fjárhagslega getu sveitarfélagsins.

Með því skapast svigrúm til að halda áfram uppbyggingu Hveragerðisbæjar á traustum fjárhagslegum grunni.